

# Tillaga til kosningar

Kæri starfsmaður,

Eftirfarandi tillögur hafa verið myndaðar vegna vinnutímastyttingar Álfheima. Sú tillaga sem hlýtur meirihluta atkvæða í þessari atkvæðagreiðslu mun taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021, háð samþykki bæjarstjórnar.

Atkvæðagreiðslan verður opin frá 8. til 11. desember.

## Tillögur:

Báðar tillögurnar miða við 13 mínútna vinnutímastyttingu á dag og að kaffitímar verði felldir niður, samtals 35 mín á dag. Heildarstytting yrði því 48 mín á dag m.v. starfsmann í 100% starfshlutfalli, eða 4 klst á viku.

Starfsfólk í hlutastarfi fær vinnutímastyttingu í sama hlutfalli.

Starfsfólk í leikskólakennaranámi fær vinnutímastyttingu í hlutfalli við þann tíma sem viðkomandi er á staðnum (ekki í skóla) þá vikuna.

## Útfærsla á neysluhléum

Kaffitímar verða felldir niður og teknar upp kaffipásur samtals 30 mínútur á dag. Starfsfólk er þar með ekki með umráðarétt yfir kaffipásunum sínum og má ekki fara út úr húsi. Samningur milli starfsmanna í húsinu að við gefum hvort öðru 30 mínútur á dag í pásu.

## Veikindi og orlof:

Í veikindum eða í orlofi starfsmanna fellur styttingin niður (ekki um ávinnslu að ræða líkt og gildir um rétt til orlofs).

## Breytingar á vinnuskipulagi:

Allt skrepp út úr húsi fellur inn í vinnutímastyttinguna. Ef ekki er hægt að koma t.d. læknatímum á dag viðkomandi starfsmanns er annaðhvort hægt að skipta við annan starfsmann á deildinni eða draga tímann frá styttingunni. Þetta er liður í því að minnka álag.

**Hér koma tvær útfærslur af úttöku á vinnutímastyttingunni sem þú þarft að kjósa um.**

## Tillaga 1.

Styttingin fari fram fyrir hádegi aðra vikuna og eftir hádegi hina vikuna, samtals 4 klukkustundir einu sinni í viku fyrir starfsmann í 100% starfi. Styttingin hlutfallast miðað við starfshlutfall starfsmanns. Vikudagarnir rúlla milli starfsmanna.

## Tillaga 2.

Styttingin fari fram aðra hverja viku, heill dag fyrir starfsmann í 100% starfi. Styttingin hlutfallast miðað við starfshlutfall starfsmanns. Vikudagarnir rúlla milli starfsmanna.


### Endurskoðun:

Fyrirkomulagið verður endurskoðað í júní 2021.

## Niðurstaða kosningar

Svarhlutfall: 62%

Vinsamlegast tilgreindu hvort þú sért hlynnt/hlynntur tillögu nr. 1, eða nr. 2.



Mean : 1.871 | Confidence Interval @ 95% : [1.751 - 1.991] | Standard Deviation : 0.341 | Standard Error : 0.061



OneCRM		
Viðskiptavinur:	Sveitarfélagið Árborg	Höfundur: Signý Harpa Hjartardóttir
Málsheiti:	Kjaramál - vinnustytting hjá Árborg	Málsnúmer: <a href="#">2012144</a>